

Eystrahorn

40. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 17. nóvember 2022

www.eystrahorn.is

Ómetanlegt að geta sökkt sér í heim æðarfuglsins

Hægt er að virða fyrir sér verk Margrétar H. Blöndal á tveimur stöðum á Höfn. Annars vegar er hægt að sjá myndir sem börn við Landakotsskóla bjuggu til undir hennar handleiðslu á ganginum við sundlaug Hornafjarðar og hins vegar er hægt að hlusta á hljóðverk hennar í Gömlubúð. Að eigin sögn vinnur Margrét ekki með fyrirfram gefna og skýra hugmynd um hvað hún ætlar að gera heldur leyfir því sem hún er að vinna í að spinnast áfram út frá vinnuferlinu.

„Það á við um allt sem ég tek mér fyrir hendur. Hvernig litum er blandað, í hvaða átt ég lít, hvernig ég hreyfi mig um rýmið, hvernig ég meðhöndla efni og hvaða áhald ég nota. Nú er ég í kennslulotu og þar reyni ég að hafa samspil milli nemenda og mín. Finna hvað þeir hafa fram að færa og aðstoða svo við birtinguna. Ég get aldrei haft neitt niðurneglt heldur bý mér til grófan ramma og bregst svo við aðstoðum.“

„Með því að koma af stað einhverri hreyfingu, hver sem hún er; , breyta um sjónarhorn, fara út að ganga, fá tækifæri til þess að tæma hugann. Svo er hressandi að fá á sig flóðbylgju hvort sem hún er frískandi eins og hafaldan eða í



Hægt er að sjá hluta af verkum Margrétar í sundlaug Hornafjarðar

formi lifandi flutnings; sviðslista eða tónverks. Bylgjur koma af stað hreyfingu og hreyfing er nauðsynleg til að rúta til hið innra og búa til pláss.“

Margrét hefur lengi spáð í æðarfuglinum

„Ég á dýrmæta minningu með barnungum syni mínum frá Trékyllisvík á Ströndum þar sem við dvöldum og tókum þátt í dúntekju skömmu eftir aldamót. Það var því gleðiefni að fá að tengjast æðarfuglinum á ný. Ég vann verk mitt í samvinnu við fimm og sex

ára nemendur úr Landakotsskóla í upphafi covid-faraldursins þegar ríkti óvissa og ótti um framtíðina. Þá var ómetanlegt að geta sökkt sér í heim æðarfuglsins og deilt með nemendum frásögnum þar sem umhyggja, þolinmæði, natni og alúð er undirstaða farsællar samvinnu tveggja dýrategunda, manns og æðarfugls. Æðarfuglinn er viðkvæmur og varnarlaus og að honum steðjar hætta en maðurinn getur hlúð að, gripið inn í og komið honum til aðstoðar.“

Margrét er nú stödd á Hornafirði og mun hitta nemendur í grunnskólanum og leiðbeina í

myndmenntatímum. En hvað finnst henni að allir ættu að vita um æðarfuglinn?

„Það er ógjörnungur að verða ósnortin af æðarfuglinum. Æðarkollurnar hjálpast að við uppeldi unga sinna og veigra sér ekki við að taka unga í fóstur. Æðarfuglinn er félagsvera og ú-hljóðið sem hann gefur frá sér er ómótstæðilegt. Æðarfuglinn á hlýjstu fjöður í heimi, dúnninn. Dúnninn er töfraefni sem býr yfir slíku þanþoli að smáhnóðri sem rúmast í litlu hylki bólgnar margfallega út þegar hann er þaðan tekinn.“

Gleðidagur á Höfn í Hornafirði

Fjólublár bekkur með áletruninni “Munum leiðina” þar sem hægt er að finna upplýsingar um Alzheimersamtökin á QR kóða. Bekkurinn er staðsettur á fjölförnum göngu- og hjólastíg, þaðan er einnig frábært útsýni yfir fallegu jöklanna í nágrenninu.

Unnið í góðri samvinnu við Þorbjörgu Helgadóttur alzheimerstengil, félagsliða og aðstoðamann iðjuþjálfara í Skjólgarði ásamt Örnun Harðardóttur tengil aðstandenda. Strákarnir í Áhaldahúsinu sprautuðu bekkinn og Fab Lab útbjó skapalón fyrir límmiða á bekknum ásamt QR-kóða. Góð samvinna sem án efa margir eiga eftir að njóta góðs af.

Til hamingju Höfn í Hornafirði fyrir að opna umræðuna um heilabilun!



Höfum opið á laugardögum fram að jólum frá kl. 13:00-15:00.

Jólavörur streyma í hús, Starleds led úti séríur.

Úrval af rúmum og göflum.

Jólailmurinn kominn í hús.

Verið velkomin

Húsgagnaval

Húsgögn og gjafavörur

Símar:

478-2535 / 898-3664

BINGÓ BINGÓ

Gleðigjafar, kór eldri Hornfirðinga verða með bingó í Ekrusalnum **laugardaginn**

19. nóvember kl. 14:00.

Spjaldið kostar kr.1.500.
Aukaspjald kr. 500.

Nefndin



Samfélagssjóður Hornafjarðar

Auglýsir eftir styrkjum fyrir
Jólaaðstoð 2022

Kennitala: 611112-0170

Bankaupplýsingar: 0172 – 05 – 060172

*Stjórn Samfélagssjóðs Hornafjarðar
Bestu þakkir fyrir veittan stuðning*

Að sjóðnum standa meðal annarra, LIONS klúbbar Hornafjarðar (karla og kvenna), KIWANIS klúbburinn Ós, Nettó, Rauði krossinn, Karlakórinn Jökull, AFL Starfsgreinafélag og margir aðrir góðir velunmarar.

ÞINGMENN Á FERÐINI

Hlökkum til að hitta ykkur og taka samtalið!

Slysavamarhúsið á Höfn

18. nóv. kl. 17.00

19. nóv - kl. 14
Kirkjubæjarklaustur

24. nóv - kl. 20:30

Faxi

25. nóv - kl. 16:30
Grindavík

26. nóv - kl. 11
Reykjanesbær

3. des - kl. 11
Árborg



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA BÍÓ – BÍÓ - BÍÓ



SAMVERA föstudaginn 18. nóvember kl. 17:00 í Ekr. Við sýnum fjölskyldu- og jólamyndina Love Actually. Höfum gaman saman!

AFMÆLISHÓFIÐ. Miðasala verður miðvikudaginn 23. nóvember milli kl. 14:00 og 16:00 í Ekr. Tökum ekki kort.



Þakkir

Alúðarþakkir færum við þeim sem sýndu okkur vináttu og hlýju við andlát stjúpforeður okkar, afa og langafa

Ragnars Guðmundar Arasonar frá Borg

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Skjólgarðs, félagsþjónustunnar og heimahjúkrunar fyrir alla alúðina.

*Guðbjörg Signý Gísladóttir Stefán Bjarni Finnbogason
Magnhildur Björk Gísladóttir Þorvaldur Jón Viktorsson
Magnús Sigmar Aðalsteinsson
barnabörn og barnabarnabörn*



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

HEILSUEFLANDI SAMFELAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
véláttan fyrir alla

Styrkumsóknir fyrir árið 2023

Þeir sem vilja senda inn styrkumsókn vegna viðburða eða reksturs félagsamtaka þurfa að skila umsóknum fyrir 11. desember.

Styrkumsókn þarf að fylgja greinargerð eða ársreikningar/uppgjör fyrir síðasta fjárhagsár, og upplýsingar um fyrirhugaða nýtingu styrks og starfsemi styrkumsækjanda á liðnu ári.

Styrkumsóknir eru aðgengilegar á íbúagátt sveitarfélagsins <http://ibuagatt.hornafjordur.is>, þar er hægt að fylla út eyðublöð og hlaða inn viðhengjum með umsókn, einnig er hægt að senda umsókn til afgreiðslu sveitarfélagsins á afgreidsla@hornafjordur.is.

*Sigurjón Andrésson
bæjarstjóri*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:.....HLS ehf.
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:.....Tjörvi Óskarsson
Netfang:tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur:.....Guðlaug Hestnes
Umbrot:Tjörvi Óskarsson
Prentun:Litlarent
ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Lumar þú á áhugaverðu efni í Eystrahorn?

Við hvetjum þig til að senda okkur línu á eystrahorn@eystrahorn.is

Menningarverðlaun Suðurlands 2022 - Fiðlufjör



Chrissie Telma veitir verðlaununum viðtöku

Þann 9. nóvember var Chrissie Telmu Guðmundsdóttur veitt Menningarverðlaun Suðurlands 2022 fyrir verkefnið Fiðlufjör. Verðlaunin eru samfélags- og hvatningarverðlaun á sviði menningar á Suðurlandi. Alls skiluðu sér 51 tilnefningar um 15 verkefni. Mikil breidd var í tilnefningum og gæðum þeirra. Eru tilnefningarnar aðeins toppurinn af ísjakanum í því mikla menningarstarfi sem á sér stað í fjórðungnum.

Fiðlufjör er þriggja daga fiðlunámskeið sem haldið er árlega á Hellu og Hvolsvelli. Þar koma saman nemendur, kennarar og aðstandendur alls staðar að af landinu og sameinast í gleði og krafti tónlistarinnar. Kennsla og þjálfun er sinnt af tónlistarfólki frá Suðurlandi í bland við kennara úr öðrum landshlutum. Haldnir eru tónleikar bæði á Hellu og Hvolsvelli í tengslum við námskeiðið og gefst gestum tækifæri að kynna lífi og menningu annarra íbúa á svæðinu og taka með sér heim dýrmæta reynslu og jákvæða upplifun frá Suðurlandi. Fiðlufjör er tónlistarveisla sem eflir menningu á Suðurlandi, það bætir ekki aðeins samfélagið í landshlutanum heldur einnig samfélagið í öðrum landshlutum. Námskeiðið hvetur börn til þátttöku og að halda áfram að læra og tileinka sér færni á hljóðfæri. Má segja að námskeiðið sé lyftistöng fyrir tónlistarlíf og menningu á svæðinu.

Chrissie Telma Guðmundsdóttir hefur með verkefninu Fiðlufjör vakið verðskuldaða athygli á menningarviðburðum og gefið jákvæða mynd af Suðurlandi. Hún hefur með eljusemi, dugnaði og metnaði unnið frábært menningarstarf á Suðurlandi og hefur hvatt börn til að taka þátt í menningarstarfi á svæðinu. Fiðlufjör hefur aukið samstöðu og skapað ný tengsl við menningu meðal íbúa. Hefur hún jafnframt aukið áhuga barna og virkni þeirra í tónlistarnámi sem er mikilvægt fyrir framtíð Suðurlands.



Frumherji
Bifreiðaskoðun á Höfn
21., 22. og 23. nóvember.

Tímamantanir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 18. nóvember.
Síðasta skoðun ársins.

Frumherji
Þegar vel er skoðað



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Opnir íbúafundir

Fjárhagsáætlun og staða verkefna

Á næstunni verða haldnir þrjú íbúafundir þar sem farið verður yfir fjárhagsáætlun næsta árs og helstu framkvæmdir sveitarfélagsins og áherslur.

- Í Nýheimum föstudaginn 25. nóvember kl. 12:00
– Í boði verður súpa og kaffi
- Í Freysnesi í Örafum miðvikudaginn 30. nóvember kl. 17:00 – Veitingar í boði
- Á Hrollaugstöðum í Suðursveit miðvikudaginn 30. nóvember kl. 20:00 – Veitingar í boði

Íbúar eru hvattir til að mæta á fundina og kynna sér framtíðaráform í sveitarfélaginu og eiga samtal við kjörna fulltrúa.

Sigurjón Andrússon
bæjarstjóri



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Ormahreinsun hunda og katta / Deworming for cats and dogs

Árleg ormahreinsun gæludýra í Sveitarfélaginu Hornafirði fer fram á næstu tveimur vikum hjá Janine Arens, dýralækni, á Hólabraut 13 á Höfn.

Víkuna 21. – 25. nóvember verður ormahreinsun fyrir hunda.

Víkuna 28. nóvember – 2. desember verður ormahreinsun fyrir ketti.

Gæludýraeigendur verða að panta tíma í hreinsun á þessu tímabili og geta haft samband við Janine í síma: 692-6159 eða í gegnum netfangið: janine@javet.is.

Eigendur hunda og katta ber að láta ormahreinsa dýr sín einu sinni á ári og er hún innifalin í leyfisgjaldi.

Þá eru allir eigendur hunda og katta hvattir til að fylgja settum reglum og skrá gæludýrin sín hjá sveitarfélaginu en það er gert í gegnum íbúagáttina á heimasíðu sveitarfélagsins, hornafjordur.is

Deworming for cats and dogs in the Municipality of Hornafjörður will take place in Janine's veterinary clinic at Hólabraut 13 in Höfn over the next two weeks.

Deworming of dogs will take place between the 21. – 25. of November.

Deworming of cats will take place between the 28. November – 2. December.

Pet owners must book an appointment for deworming on these days and can either call Janine at: 692-6159 or send an e-mail at: janine@javet.is.

Cat and dog owners are obligated to deworm their pets once a year and the cost is included in the yearly pet fee.

All cat and dog owners are encouraged to follow the rules and register their pet with the municipality which is done through the resident portal on the municipality's website, hornafjordur.is



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Bara piss, kúk og klósettpappír

Í tilefni alþjóðlega klósettdagsins býður sveitarfélagið íbúum að koma í skoðunarferð í hreinsivirki sveitarfélagsins, á Höfn og í Nesjum þann 22. nóvember. Opíð verður í Nesjum á milli klukkan 16:00 – 17:00 og á Höfn á milli klukkan 16:00 – 18:00. Starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs og Áhaldahúss verður á staðnum til leiðsagnar og viðræðna um fráveituframkvæmdir sveitarfélagsins.

**BARA
PISS, KÚKUR OG
KLÓSETTPAPPÍR
MÁ FARA Í KLÓSETTIÐ**

Á ári hverju má ætla að tæplega 200 tonn af allskonar óæskilegum úrgangi komi í fráveitur um allt land. Það þýðir að um hálf tónn af rusli fer í klósettin eða niðurföll á hvern íbúa á landinu.

Auk þess að skaða umhverfið og íþyngja rekstur fráveitukerfa, getur kostnaður sveitarfélaga vegna hreinsunar og förgunar rusls í fráveitum hlaupið á tugum milljóna króna á ári.

Stærsta vandamálið eru blautþurrkur og/eða sótthreinsklútar, auk smokka, tannþráðar og eyrnápinna. Það er því mikilvægt að fólk hugsi sig tvisvar um áður en það hendir rusli í klósettið, þangað á bara að fara piss, kúk og klósettpappír. Besta lausnin er hreinlega að nota sem minnst af einnota hreinlætisvörum.

www.klosettvinir.is

Hann á afmæli í dag

Þann 18. Nóvember næstkomandi verður afmælisveisla í Svavarssafni

Frá klukkan fimm verða tónleikar Jorge Pascual Hernandez Karolina Lisowa & Ekrubandið

Leiðsögn um ráðhúsið og listaverkin þar

SVAVARSSAFN LÍETASAFN - ART MUSEUM

Adventuhátíð

Efnt verður til adventuhátíðar Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Hátíðin fer fram í Nýheimum 26. nóvember kl 14:00 – 17:00.

Jólaöld í bókasafninu, jólamarkaður í Nýheimum, jólaföndur, bío, söngur og jólagleði.

Heyrst hefur að jólasveinarnir verði á ferðinni. Hátíðinni lýkur með tendrun jólaljósa á bæjarjólarenu. Skráning á jólamarkaðinn er á sandra@hornafjordur.is

Frekari upplýsingar gefur Eyrún Helga Ævarsdóttir: eyrunh@hornafjordur.is

nettó Sveitarfélagið **HORNAFJÖRÐUR** **MENNINGARMÍÐSTÖÐ HORNAFJARÐAR** **NÝHEIMAR PEKINGARSETUR** **UMHVERFIS HORNAFJÖRÐUR**